

Sp. 261. Tillaga til þingsályktunar

um Langanesveg.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á þessu sumri fullgera þjóðveginn frá Þórshöfn að Heiði á Langanesi, og jafnframt að láta fram fara fullnaðarathugun á þjóðvegarstæði frá Heiði að Skálum á Langanesi og gera kostnaðaráætlun um lagningu þess vegar, og sé þeirri áætlun lokið fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Á þessu þingi hafa þegar verið fluttar margar tillögur til þingsályktunar um framlög úr ríkissjóði á árinu 1942 umfram það, sem veitt er í fjárlögum ársins eins og frá þeim var gengið á Alþingi 1941. Hefur fjárveitinganefnd ýmsar slíkar tillögur til athugunar. Í samræmi við þau vinnubrögð er tillaga þessi fram borin.

Þjóðvegurinn frá Þórshöfn að Heiði á Langanesi má heita slarkfær fyrir bifreiðar í góðri tíð að sumarlagi. Hins vegar eru sumir kaflar á þessum vegi aðeins sjálfgerðir og aðrir svo lélegir, að þeir þola litla umferð. Kostnaður við að gera veg þennan (um 13 km.) vel akfæran mun þó ekki vera mikill, en upphæð sú, sem veitt er í þessu skyni (3000 kr.) á árinu 1942, hrekkur þar þó hvergi nærri til. En vegur þessi er mikilsverð flutningaleið innan sveitar, fyrir verstöðina Heiðarhöfn og bændur á miðnesinu, auk þess, sem hún er til mikils hagræðis fyrir útnesið og Skálaborp, en sá sveitarhluti er enn vegarlaus. Léttir þessi vegarkafli m. a. mjög læknisvitjanir til Þórshafnar, ef fær væri að staðaldri. Í tillögunni er farið fram á, að vegurinn að Heiði verði fullgerður í sumar.

Enn fremur er í tillögunni farið fram á, að vegarstæðið frá Heiði að Skálum verði nánar athugað á þessu sumri. Hefur bráðabirgðaathugun á því að visu farið fram, en kostnaðaráætlun eigi verið gerð. Á Skálum er mikill áhugi fyrir því, að vegur þessi verði lagður, enda þorpið mjög einangrað eins og nú er. Um það vísast til fylgiskjals, sem prentað er með greinargerð þessari.

Fylgiskjal.

Erindi Skálabúa um fjárframlag til Langanesvegar.

Skálum, 10. nóvember 1941.

Við undirritaðir íbúar á Skálum leyfum okkur hér með að fara fram á það við yður, herra alþingismaður, að þér hlutist til um, að á næsta sumri verði lagt rífligt framlag til þjóðvegarins frá Heiði að Skálum. Eins og yður er kunnugt um, þá er þetta algerlega ófær vegur, en mjög gott vegarstæði. Samgöngur á sjó höfum við mjög slæmar, þar sem höfnin er svo slæm, en allar nauðsynjavörur þurfum við að sækja til Þórshafnar. Ef nú kæmi bilvegur frá Þórshöfn að Skálum, þá væri stórlega bætt afkoma okkar Skálabúa. Við berum það traust til yðar, herra alþingismaður, að þér sjáið yður fært að koma þessu til leiðar, svo að rífligt framlag fáist á komandi sumri og verkið verði hafið.

Virðingarfyllst.

(Nöfn 38 kjósenda).

Herra alþingismaður Gíslí Guðmundsson.